

4.september 2025

Sveitastjórn Flóahrepps

Þingborg, 801 Selfoss

Efni: Færslur á sveitarfélagamörkum og sameiningarmál

Í kjölfar óformlegs fundar fulltrúa Sveitarfélagsins Árborgar og Flóahrepps þann 20. maí sl. óskar Sveitarfélagið Árborg, kt. 650598-2029 eftir formlegu samtali sveitarfélaganna um mögulega færslu á sveitarfélagamörkum austan við Selfoss. Um væri að ræða færslu sveitarfélagamarka með stækkun Árborgar í austur þannig að land sem er í eigu Árborgar yrði þá innan sveitarfélagamarka Árborgar.

Þéttbýli Selfoss er komið að sveitarfélagamörkum Flóahrepps og fyrirséð með færslu Suðurlandsveggar að uppbygging muni líklega halda áfram austur á landi í eigu Árborgar á næstu árum. Er þar sérstaklega horft til atvinnuuppbyggingar en í dag er m.a. verið að stækka golfvöllinn á hluta landsins.

Helstu rök Árborgar fyrir beiðninni er að áframhaldandi uppbygging á þéttbýli Selfoss er þá á hendi sömu skipulagsyfirvalda og myndi tengjast innviðum og þjónustu Árborgar. Sveitarfélagið Árborg gerir sér grein fyrir því að semja þarf um slíkar tilfærslur á sveitarfélagamörkum og er með þessu bréfi að lýsa yfir vilja til samtals um verkefnið.

Sveitarfélagið Árborg er um leið tilbúið að stíga skrefið lengra og skoða ávinning íbúa Flóahrepps og Árborgar ef sveitarfélögin myndu sameinast. Mikil tækifæri eru til uppbyggingar í báðum sveitarfélögum til framtíðar. Selfoss hefur þróast í að vera sameiginlegt þjónustusvæði íbúa sveitarfélaganna þegar horft er til almennrar þjónustu, hluta íþrótta- og frístundastarfs, velferðaðjónustu og fleiri þátta sem sveitarfélögin eru m.a. með í samstarfssamningum.

Mögulegt væri að fá óháðan aðila til að vinna með sveitarfélögum að kanna ávinning sameiningar fyrir íbúa. Slík vinna gæti legið fyrir á fyrstu mánuðum næsta árs og verið veganesti inn í næsta kjörtímabil.

Með bestu kveðju

f.h. Sveitarfélagsins Árborgar


Bragi Bjarnason, bæjarstjóri

